

Ed.

470. Frumvarp til laga

[166. mál]

um tollvörugeymslur o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

I. KAFLI

Almennar tollvörugeymslur.

1. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að tollgæzlan stofni og reki almennar tollvörugeymslur á höfnum, þar sem þess þykir þörf og húsakynni og aðrar aðstæður eru til að reka slíkar geymslur. Í geymslum þessum lætur tollgæzlan þeim aðilum, er í 3. gr. getur, í té aðstöðu til að koma aðfluttum vörum í tollgeymslu.

Ef sérstaklega stendur á, getur ráðherra heimilað sveitarfélögum, félögum eða einstaklingum að koma á fót og reka almenna tollvörugeymslu. Leyfi skal binda því skilyrði, að þeir aðilar, sem í 3. gr. getur, eigi þess kost að fá leigð afnot af geymslum með kjörum, sem ráðuneytið samþykkir. Ákvæði 9. og 10. greinar gilda um geymslur þessar.

2. gr.

Óheimilt er að setja í tollvörugeymslu samkvæmt þessum kafla vörur, sem innflutningur er bannaður á vegna sóttvarna, varna gegn alidýra- eða jurtasjúkdómum eða af öðrum öryggisástæðum.

Í tollvörugeymslu, sem tollgæzlan rekur, er ennfremur óheimilt að setja efni, sem eru eldfim eða sprengihætta stafar af, eða vörur sem annars getur stafað hættu af fyrir tollvörugeymsluna eða vörur, sem þar eru geymdar.

Að öðru leyti en því, er í 1. og 2. málsgrein getur, ákveður fjármálaráðherra með auglýsingu, hverjar vörur megi setja í tollgeymslu.

3. gr.

Með þeim takmörkunum, sem í 2. gr. segir, geta innflutningsverzlani, iðnrekendur, útgerðarfyrirtæki og aðrir, sem svipaðra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við innflutning, komið vörum í tollvörugeymslur þær, sem í þessum kafla greinir, án undanfarandi greiðslu tolla eða annarra aðflutningsgjalda. Vörur, sem settar eru í slíkar geymslur, hljóta endanlega tollafgreiðslu, þegar þær eru fluttar úr geymslunni. Þó má senda vörur úr tollvörugeymslu til annarra tollhafna samkvæmt þeim reglum, sem gilda um flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands. Einnig er heimilt að flytja vörur milli almennra tollvörugeymslna, eða úr slíkri geymslu í forðageymslu samkvæmt II. kafla, og í tollfrjálsar birgðageymslur samkvæmt 1. málsgrein 15. gr.

Nú er innlent tollvörugjald, eða aðflutningsgjöld af erlendu hráefni, endurgreitt af innlendri iðnaðarvöru við útflutning hennar, og er þá heimilt að setja slíkar útflutningsvörur í tollvörugeymslur samkvæmt þessum kafla. Heimilt er að endurgreiða framangreind gjöld, þegar varan er komin í tollvörugeymsluna.

Vöru, sem sett hefur verið í almenna tollvörugeymslu, skal tollafgreiða endanlega innan eins árs frá því hún kom til landsins, nema fjármálaráðherra samþykki lengri frest.

Ef um er að ræða vörur þær, er um getur í 2. mgr. þessarar gr., skal flytja þær úr landi innan eins árs frá því, er þær voru settar í tollvörugeymslu, að öðrum kosti ber að greiða af þeim þau gjöld, sem endurgreidd voru, þegar varan var flutt í geymslu.

4. gr.

Hver sá, er setur vörur í tollvörugæmslu, skal setja rikissjóði tryggingu fyrir greiðslu opinberra skuldbindinga sinna, þar með talið gæmslugjald eða leiga, ef tollgæzlan rekur gæmsluna. Ráðherra ákveður fjárhæð og form slíkrar tryggingar.

5. gr.

Sá, sem óskar að koma vöru í tollvörugæmslu samkvæmt þessum kafla, skal afhenda tollstjóra innflutningsskýrslu um vöruna. Í skýrslunni skal greina: Eiganda vöru eða umráðamann, innflutningsfarartæki, farmskrárnúmer, tölu og tegund stykkja og merkingu þeirra. Ennfremur öll þau atriði, sem krafizt er í venjulegri tollinnflutningsskýrslu um vörumagn, verðmæti vöru og annað, sem máli skiptir um tollflokkun hennar og útreikning aðflutningsgjalda af henni. Skýrslunni skulu fylgja þau gögn til staðfestingar verðmæti, vörutegund og vörumagni, sem krafizt er að fylgi venjulegum tollinnflutningsskýrslum. Í skýrslunni eða gögnum þeim, sem henni fylgja, skal koma greinilega fram, hvert er innihald hvers einstaks stykkis, sem sett er í tollgæmslu.

Skýrslur og gögn samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar skulu lögð fram í tvíriti. Annað eintakið geymir tollstjóri í því umdæmi þar sem varan er í gæmslu. Hitt eintak skjalanna varðveita tollefirtirlitsmenn þeir, sem hafa umsjón með vörzlu vörunnar. Sé varan flutt ótollafgreidd í annað tollumdæmi, skulu skjöl þessi send tollstjóra þar.

6. gr.

Ákveða má í reglugerð lágmark þess vörumagns, sem hverju sinni má setja í tollvörugæmslu eða taka úr henni. Ekki má þó leyfa, að vörur séu teknar úr venjulegum heildsöluumbúðum í tollvörugæmslu til að skipta þeim í smærri einingar til tollafgreiðslu. Heimilt skal þó að taka úr gæmslu sýnishorn af vöru, þótt í smærri stíl sé en hér var greint, samkvæmt reglum, sem um það verða settar.

7. gr.

Í reglugerð skulu sett ákvæði um birgðabókhald og aðra bókfærslu í sambandi við tollvörugæmslur. Á sama hátt skal setja reglur um tollafgreiðslu vara í tollgæmslu og færslu vara milli tollvörugæmslna.

II. KAFLI

Um tollfrjálsar forðageymslur.

8. gr.

Ráðherra getur leyft skipaútgerðum og flugfélögum, sem eiga farartæki að staðaldrí í förum milli Íslands og annarra landa, að geyma vistir, útbúnað og annan forða fyrir þau farartæki í sérstökum gæmslum án greiðslu aðflutningsgjalda.

Ákvæði 1. mgr. taka ekki til veiðiskipa, sem sigla með eigin afla á erlendan markað.

9. gr.

Ekki má reka tollvörugæmslu samkvæmt þessum kafla í öðrum húsum en þeim, sem tollfírvöld hafa samþykkt til þeirra nota. Slíkt samþykki verður því aðeins veitt, að hús séu traust og vel búin til gæmslu á vörum. Gluggar og dyraumbúnaður skal vera öruggt og þannig sett, að auðvelt sé að hafa eftirlit með allri umferð í gæmslurnar og úr þeim. Úr tollvörugæmslu má aldrei vera innangengt til húsakynna, sem höfð eru til annarra nota.

Skylt er þeim, sem tollvöruheymislu rekur, að leggja tollgæzlunni til endurgjalds-
laust nægilegt og hæfilega búið athafnapláss til vöruskoðunar og annars eftirlits
í hverri vöruheymislu, og ennfremur þau áhöld og tæki, sem nauðsynleg eru til
slíks eftirlits.

Tollyfirvöld geta fyrirskipað að vörur, sem eru í hæstu gjaldaflokkum eða
eru að einhverju leyti vandgeymdar, megi aðeins geyma í sérstaklega lokuðum
rúmum innan tollvöruheymislnanna.

Aldreí má geyma samtímis í sömu húsakynnum tollgeymisluvörur og annan
varning.

10. gr.

Engar breytingar má gera á húsakynnum tollvöruheymislu né umbúnaði hennar
nema að fengnu samþykki tollyfirvalda.

Gangi húsakynni tollvöruheymislu svo úr sér, vegna skorts á viðhaldi eða annars,
að þau fullnægja ekki lengur kröfum tollyfirvalda, geta þau hannað afnot þeirra
unz úr hefur verið bætt. Verði geymsluhafi ekki við áskorun um að bæta úr því,
sem aflaga hefur farið, innan hæfilegs tíma, má svipta hann leyfi til að reka toll-
vöruheymislu.

11. gr.

Í geymslur þær, er um ræðir í þessum kafla laganna, má setja vörur: a) sem
fluttar eru inn í því skyni, b) sem keyptar eru héraendis ótollafgreiddar og fluttar
eru í geymsluna úr almennri tollvöruheymislu samkvæmt I. kafla eða úr vöruheymislu
skipa- eða flugfélags, sem hefur heimild til að geyma ótollafgreiddar vörur, c) úr
birgðum skipa eða flugvéla geymsluhafa, d) innlendar framleiðsluvörur.

Þegar heimilt er að endurgreiða innlent tollvörugjald eða aðflutningsgjöld af
hráefni í iðnaðarvöru við útflutning, má einnig endurgreiða þessi gjöld, þegar vöru
hefur verið komið í tollvöruheymislu samkvæmt þessum kafla.

12. gr.

Úr tollvöruheymislum samkvæmt þessum kafla má aðeins flytja vörur sem
birgðaforða beint í farartæki, sem er í utanlandsferðum, enda séu vörunar einungis
notaðar í því farartæki. Þó getur ráðuneytið leyft endurútflutning eða endursend-
ingu á þessum vörum. Ennfremur má, ef sérstaklega stendur á, svo sem að vörur
liggi undir skemmdum, heimila tollafgreiðslu á þeim til neyzlu eða sölu innanlands,
að fullnægðum lögboðnum innflutningsskilyrðum.

13. gr.

Tollvöruheymislur samkvæmt þessum kafla má aðeins leyfa í Reykjavík og á
Keflavíkurflugvelli. Vörur úr þeim má senda í veg fyrir skip og önnur farartæki til
annarra tollhafna, ef fylgt er þeim skilyrðum, sem tollyfirvöld setja hverju sinni
um eftirlit og tryggilegan umbúnað við flutninginn. Undanskilja má víska vöru-
flokka slíkum flutningi.

14. gr.

Ákvæði 1. og 3. mgr. 2. gr., 4., 5. og 7. gr. laga þessara gilda og um tollvöru-
geymislur samkvæmt þessum kafla, eftir því sem við á. Ákvæði 5. gr. um innflut-
ningsskýrslur og fylgiskjöl þeirra gilda þó ekki um skipsforða eða forða flugvéla, sem
settur kann að verða í tollvöruheymislu. Ákvæði um innflutningsskjöl og tollmeð-
ferð slíks forða skulu sett í reglugerð.

Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasala ríkisins geta, ef sérstaklega stendur
á, heimilað að vörur, sem einkasala þeirra nær til, séu settar í tollvöruheymislu sam-
kvæmt þessum kafla.

III. KAFLI

Um tollfrjálsar verzlanir.

15. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að reka verzlanir með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkurlflugvelli og Keflavíkurlflugvelli. Birgðir þeirra verzlana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum, sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.

Verzlunum samkvæmt 1. málsgrein er eingöngu heimilt að selja vörur sínar áhöfnum og farþegum millilandaflugvéla, sem eru að leggja af stað til útlanda, þannig að varan sé flutt undir tolleftirliti um borð í flugvélinu. Fyrirskipa skal, að vörur þessar séu afhentar kaupanda í sérstaklega gerðum lokuðum umbúðum, sem kaupandi ber ábyrgð á, að viðlagðri refsingu, að ekki séu opnaðar fyrr en komið er út úr íslenskri tolllandhelgi. Ennfremur er verzlunum þeim, sem hér um ræðir, heimilt að senda vörur sínar í pósti til viðtakenda búsettra erlendis samkvæmt reglum, er ráðherra setur.

Verzlanir og vörugeymslur samkvæmt þessari grein eru háðar tolleftirliti, og gilda um vörugeymslurnar ákvæði 5., 7., 9. og 10. gr. laga þessara eftir því sem við á.

Verzlanir og vörugeymslur á Keflavíkurlflugvelli skulu lúta yfirstjórn ráðherra þess, er fer með utanríkismál.

Ráðherra getur heimilað einkasölum ríkisins að selja skipum og flugvélum í utanlandsferðum vörur sínar sem neyzluförða tollfrjálst og samkvæmt sérstökum reglum um álagningu. Einkasölum skulu endurgreidd aðflutningsgjöld af þeim vörum, sem þannig eru seldar.

IV. KAFLI

Um flutningageymslur (transit-geymslur).

16. gr.

Heimila má skipaútgerðum og flugfélögum, sem reka millilandaferðir, að leggja hér á land vörur og geyma í sérstökum vörugeymslum án greiðslu aðflutningsgjalda, meðan þær biða hér endurútflyttings. Ákvæði 4., 7., 9. og 10. gr. laga þessara eiga við um tollvörugeymslur samkvæmt þessum kafla. Ráðherra getur undanþegið útgerðarfélög og flugfélög því að setja tryggingu skv. 4. gr. í sambandi við rekstur geyslu samkvæmt þessum kafla.

17. gr.

Þegar vara er sett í geyslu samkvæmt þessum kafla, skal gerð um hana innflutningsskýrsla, er greini innflutningsfarartæki, farmskráarnúmer, tölu, tegund og merkingu stykkja og ákvörðunarhöfn vörunnar. Skýrslan skal lögð fram í tvíriti til þeirra aðila, sem í 2. mgr. 5. gr. segir.

Ef ástæða þykir til, getur tollstjóri eða tollgæzlumenn krafizt nánari skýrslna eða gagna um tegund, magn og verðmæti vöru, sem lögð er í geyslu samkvæmt þessum kafla.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Tollvörugeymslur þær, er um ræðir í I.—IV. kafla, skulu að jafnaði vera bæði undir lás geysluhafa og lás og innsigli tollgæzlunnar.

Tolleftirlitsmenn skulu hafa óhindraðan aðgang að vörugeymslum til rannsóknar og eftirlits. Þeir rannsaka vörur, sem fluttar eru í tollvörugeymslur og úr þeim,

eftir því sem þurfa þykir til að staðreyna, að rétt sé frá skýrt um vörutegund og vörumagn. Þeim ber að gæta þess, að óviðkomandi mönnum sé ekki leyfð umferð um tollvörugeymslur, og hafa vald til að rannsaka allar vörur og muni, sem þar eru eða fluttir eru í geymslurnar eða úr þeim. Rannsóknarheimild þessi nær til leitar í hvers konar farartækjum, sem um geymslurnar fara eða flytja menn eða muni að þeim eða frá, svo og til leitar á mönnum, sem starfa við slíka flutninga, eru staddir í geymslunum eða eru á leið úr þeim.

19. gr.

Tollgæzlumenn geta, hvenær sem er, gert birgðatalningu í tollvörugeymslum og krafizt þess, að geymsluhafi leggi til þá aðstoð, sem þarf til að talning verði framkvæmd.

Geymsluhafi er skyldur til að sýna tolleftirlitsmönnum birgðabókhald sitt, hvenær sem krafizt er. Hann og starfsmenn hans eru skyldir til að gefa tolleftirlitsmönnum hverjar þær upplýsingar, sem þeir óska varðandi geymsluvörur, og veita þeim hvers konar aðstoð við eftirlitsstörf þeirra.

20. gr.

Óheimilt er að flytja vörur í tollvörugeymslu, nema fyrir liggi skriflegt leyfi tollstjóra í því umdæmi, þar sem tollvörugeymsla er. Ákvæði þetta gildir þó hvorki um vörur, sem fluttar eru í tollfrjálsa forðageymslu úr birgðaförða skips eða flugvélar, sbr. c-lið 11. gr., né um vörur, sem settar eru í flutningageymslur, samkvæmt ákvæðum IV. kafla.

21. gr.

Vörur má ekki flytja úr tollvörugeymslu, nema fyrir liggi skriflegt leyfi tollstjóra í því umdæmi, þar sem tollvörugeymslan er. Ákvæði þetta gildir hvorki um vörur í forðageymslum samkvæmt II. kafla, né um vörur, sem seldar eru úr verzlunum þeim, er um ræðir í III. kafla.

22. gr.

Óheimilt er að neyta varnings, sem er í tollgeymslu, eða nota hann á annan hátt innan tollvörugeymslunnar.

Brot gegn ákvæðum 1. mgr. þessarar gr. varða refsingu samkv. 27. gr. Refsingu samkv. þeirri gr. varðar það einnig, ef farið er með tollgeymsluvörur andstætt því sem ákveðið er í leyfi tollstjóra.

23. gr.

Við tollafgreiðslu á vörum úr tollvörugeymslu skal, um tollflokkun, greiðslu aðflutningsgjalda, fullnægingu innflutningsskilyrða og annarra opinberra fyrir mæla um aðfluttar vörur, fara eftir þeim reglum, sem í gildi eru, þegar fullnaðar tollafgreiðsla fer fram.

Aðflutningsgjöld miðast við það vörumagn, sem sett var í geymslu.

Nú kemur fram óeðlileg rýrnun eða vöntun á vörum, sem settar hafa verið í tollvörugeymslu, og er geymsluhafi þá skyldur að greiða tolla og önnur aðflutningsgjöld af því, sem vantar.

24. gr.

Gjald, sem geymsluhafa ber að greiða í ríkissjóð fyrir kostnað við tolleftirlit með tollvörugeymslu, skal ákveðið með reglugerð. Á sama hátt skulu ákveðin geymslugjöld fyrir vörur, sem geymdar eru í tollvörugeymslum, sem tollgæzlan rekur, eða gjald fyrir afnot slíkra geymslna.

25. gr.

Lögveð samkvæmt 28. gr. laga nr. 68 frá 1956 um tollheimtu og tolleftirlit hvílir á vörum, sem settar eru í tollvörugæymslu, og nær það til allra gjalda til ríkissjóðs, einnig þeirra sem falla á vöruna í sambandi við tollgæymsluna, svo sem eftirlitsgjalds og gæymslugjalds.

26. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

27. gr.

Brot á lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef brot er stórvægilegt eða margítrekað. Fyrir tilraun til brots eða hlutdeild í því skal refsað sem fyrir fullframið brot. Upptaka á vöru eða andvirði hennar, sem farið er með andstætt ákvæðum laga þessara, er heimil samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu, þótt annar sé eigandi vöru en sá, sem sekur hefur reynzt um brot á lögnum.

28. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim, svo og upptæk verðmæti, renna í ríkissjóð.

29. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skulu rekin að hætti opinberra mála.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 53 frá 16. nóv. 1907, um tollvörugæymslu og tollgreiðslufrest, lög nr. 53 frá 5. júní 1958 og önnur laga-fyrirmæli, sem brjóta í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um langt skeið hefur það verið áhugamál vöruinnflytjenda og samtaka þeirra að hér á landi væri komið upp frihöfn eða tollvörugæymslum með svipuðu sniði og tíðkast víða annars staðar. M. a. hefur Verzlunarráð Íslands oftlega rætt málið og sent ríkisvaldinu áskoranir um að sett yrði ný löggjöf um það.

Í septembermánuði 1958 skipaði fjármálaráðherra nefnd til þess „að athuga og gera tillögur um, hvort æskilegt sé að í lög sé leidd heimild til þess að koma hér á landi á fót svonefndum „frílager“ eða öðru þvílíku kerfi, svo sem tíðkast í nágrannalöndum vorum“, eins og komizt er að orði í skipunarbréfi nefndarinnar.

Í nefndinni áttu sæti þeir Gunnar Ásgeirsson, stórkaupmaður, Hjalti Pálsson, framkvæmdastjóri, Unnsteinn Beck, tollgæzlustjóri og Sigtryggur Klemenzson, ráðuneytisstjóri, sem var formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur nú lokið störfum og skilað álit og tillögum í frumvarpsformi. Er frumvarp það, sem hér er lagt fram, í samræmi við tillögur nefndarinnar.

Frumvarpi nefndarinnar fylgdu svohljóðandi athugasemdir um einstakar grein-ar, en að öðru leyti er álit nefndarinnar birt sem fylgiskjal.

Um I. kafla.

Í þessum kafla ræðir um þær almennu tollvörugæymslur, sem ætlaðar eru til afnota fyrir innflytjendur, hvort sem vörur þeirra verða tollafgreiddar til sölu innanlands, til iðnfyrirtækja, sem vinna úr þeim, endurútfluttar eða sendar ótoll-

afgreiddar til annarra tollhafna. Einnig má nota geymslur þessar fyrir iðnaðarvörur, sem á að flytja úr landi, og aðflutningsgjöld eða innlent tollvörugjald er endurgreitt af við útflutning. Á öðrum stað í álitni nefndarinnar er gerð nokkur grein fyrir sérkennum þessara geymslna og að hverju leyti þær eru frábrugðnar „frilagerum“ nágrannalandanna.

Um 1. gr.

Á Norðurlöndum reka opinberir aðilar, tollgæzlan eða sveitarfélög, yfirleitt hina almennu „frilagera“ og aðrar hliðstæðar tollvörugeymslur. Þó er einkafyrirtækjum leyfður slíkur rekstur, ef sérstaklega stendur á, og þarf sérstakt leyfi til. Hér er gert ráð fyrir, að sömu meginreglur gildi. Gert er ráð fyrir, að almennar tollvörugeymslur séu reknar í stórum vörugeymsluhúsum, þar sem félögum og einstaklingum er veittur aðgangur að því að fá leigð afnot af geymsluplássum, sem henta þörfum hvers um sig. Sjálfsagt er að áskilja samþykki ráðherra á slíkum leigumálum, þótt geymslur séu ekki reknar af ríkinu.

Um 2. gr.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir, að ráðherra geti takmarkað, hverjar vörur megi setja í tollvörugeymslur. Er þetta gert með hliðsjón af því, að fyrst um sinn a. m. k. er hætt við að mikill skortur verði á húsnæði til að reka í slíkar geymslur. Er þá eðlilegt að þær vöruhegundir séu látnar sitja í fyrirrúmi, sem mest þörf er að hafa í tollgeymslu.

Um 3. gr.

Um 1. mgr. vísast til skýringa við 1. gr.

Í 2. málsg. er iðnfyrirtækjum eða útflytjendum iðnaðarvöru gefinn kostur á að koma innlendum iðnaðarvörum, sem á að flytja úr landi, í tollvörugeymslu og fá þá þegar endurgreidd opinber gjöld, sem ella yrðu fyrst endurgreidd um leið og varan er flutt úr landi. Takmörk fyrir því, hve slík vara má liggja lengi í tollvörugeymslu, eru sett í 4. mgr. greinarinnar.

Fresturinn í 3. mgr. er settur með hliðsjón af því sem nú gildir í framkvæmd um tollafgreiðslu á vörum í Reykjavík. Notkun geymslnanna kann að skapa önnur viðhorf og aðrar þarfir en nú eru og er því ráðherra heimilað að veita undanþágu.

Um 4. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um 5. gr.

Sjálfsagt er að gera þeim, sem leggur vöru í tollvörugeymslu, að skyldu að gera fulla grein fyrir vörunni áður, enda verður slík greinargerð grundvöllur að eftirliti með vörunni og tollmeðferð hennar.

Um 6. gr.

Of örur og smávægilegar hreyfingar á birgðum vörugeymslnanna leiða af sér óhæfilega fyrirhöfn og kostnað við bókhald, eftirlit og tollafgreiðslur. Greinin heimil- ar að settar séu reglur til að fyrirbyggja þetta.

Um 7. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um II. kafla.

Í fylgiskjali með frv. er gerð nokkur grein fyrir tollfrjálsum forðageymslum og því á hverjum ástæðum þær byggjast. Hér er gert ráð fyrir að þessar geymslur séu reknar af skipaútgerðum og flugfélögum til eigin afnota.

Erlendis munu útgerðarvöruverzlanir stundum reka slíkar geymslur í því skyni að selja úr þeim vistir og aðrar nauðsynjar tollfrjálssar til farartækja í utanlandsferðum. Hér virðist ekki ástæða til að gera ráð fyrir sérstökum geymslum í þessu skyni. Að því leyti sem þörf er fyrir slíkt hér, má nota almennar tollvörugeymslur.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir að leyfi sé aðeins veitt þeim, sem eiga farartæki að staðaldrí í utanlandsferðum. Mundu aðrir ekki hafa þörf fyrir slíkar geymslur.

Um 9. og 10. gr.

Í þessum greinum eru ýmis fyrirmæli um öruggan útbúnað á geymsluhúsum til að auðvelda eftirlitið og varna misferli í sambandi við rekstur geymslnanna.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að í geymslur þessar verði eingöngu settar vörur, sem ekki hafa verið greidd aðflutningsgjöld af. Endurgreiðsla á aðflutningsgjöldum kemur því ekki til greina í sambandi við rekstur þeirra, nema um sé að ræða endurgreiðslu á gjöldum af hráefni, sem notað hefur verið til framleiðslu innlendra iðnaðarvara, sbr. 2. málsgr. greinarinnar. Einnig er heimilt að endurgreiða tollvörugjald af innlendum framleiðsluvörum, sem settar eru í þessar geymslur.

Um 12. gr.

Það er meginregla, að vörur úr geymslum samkvæmt þessum kafla verða eingöngu notaðar sem forði og birgðir handa farartækjum geymsluhafa. Þó getur það valdið tjóni ef eigi væri hægt að losna við þær úr geymslunum á annan hátt, og er hér því sett heimild fyrir ráðuneytið til að leyfa endursendingar, endurútlutning eða jafnvel tollafgreiðslu til innanlandsnota á vörum þessum, ef sérstaklega stendur á, t. d. ef vörurnar liggja undir skemmdum.

Um 13. gr.

Ástæðulaust virðist að leyfa þessar geymslur annarsstaðar en í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli. Af kostnaðarástæðum við eftirlit með þeim er æskilegt að þær séu svo fáar, sem framast er unnt.

Um 14. gr.

Ef vörur úr birgðum skips eða flugvélar eru settar í forðageymslur, er að sjálf-sögðu ekki hægt að krefjast þess að venjuleg innflutningsskilríki, svo sem vöruheikningar, fylgi þeim. Verður því að hafa aðrar aðferðir við skráningu á slíkum varningi inn í geymslurnar.

Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasala ríkisins eru einkainnflytjendur á áfengi, tóbaki og nokkrum öðrum vöruhegundum. Nær þetta einnig til þess þótt varan sé sett í tollvörugeymslu við innflutninginn. Rétt þykir að opna hér möguleika fyrir því, ef sérstaklega stendur á, að einkasölnurnar geti leyft skipa- eða flugfélögum að taka einkasöluvörur í forðageymslu. Fordæmi um þetta er í Noregi, en þar er einkasala á áfengi.

Um III. kafla.

Lög um heimild til að stofna verzlunir með tollfrjálssar vörur á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli voru sett árið 1958. Ákvæði um þetta efni þykja eiga heima í þessu frumvarpi, enda þarf að reka tollvörugeymslur í sambandi við slíkar verzlunir.

Um 15. gr.

Verzlunum með tollfrjálsar vörur hefur á undanförunum árum verið komið upp á nokkrum millilandaflugvöllum í Evrópu. eru ákvæðin í þessari grein sniðin eftir fyrirkomulagi slíkra verzlana erlendis.

Í 5. mgr. er heimild fyrir ríkiseinkasölur að selja vörur sínar við sérstöku verði til skipa og flugfélaga í utanlandsferðum.

Um IV. kafla.

Umhleðsla hérlendis á vörum, sem fluttar eru milli erlendra hafna (transit-flutningur) var til skamms tíma nær óþekkt, en hefur nú aukizt verulega seinustu árin, einkum í sambandi við flutninga til Grænlands. Þarf nú stjórnarráðsleyfi hverju sinni til slíkra flutninga. Hér er gert ráð fyrir að ekki þurfi stjórnarráðsleyfi lengur til slíkra flutninga, ef varan er geymd í tollvöruhegmslu samkvæmt þessum kafla.

Um 16. gr.

Gert er ráð fyrir að hegmslurnar séu reknar af skipaútgerðum og flugfélögum, en að sjálfsögðu undir ströngu tolleftirliti og undir lás og innsigli tollgæzlunnar, sbr. 1. mgr. 18. gr.

Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

V. Kafli.

Um 18. og 19. gr.

Fyrirmæli um eftirlit og öryggisráðstafanir, sem sjálfsagt er að fylgt sé við rekstur tollvöruhegmslna.

Um 20. gr.

Áður en vöru er komið í tollhegmslu, þarf tollstjóri að fá um hana innflutnings-skýrslu og önnur innflutningsgögn, sbr. 5. gr., og hann metur það, hvort þau gögn eru fullnægjandi og hvort nauðsynleg skilyrði eru til þess, að vöruna megi flytja í tollvöruhegmslu, svo sem að innflutnings- og gjaldeyrisskilyrðum hafi verið fullnægt eða að varan sé að öðru leyti löglega flutt til landsins. Leyfi hans þarf því að koma til áður en vara er flutt í hegmslu.

Um þetta stendur sérstaklega á um neyzluvörubirgðir skipa og flugvéla, sem kunna að verða settar í tollfrjálsar birgðagegmslur. Þar er ekki ástæða til að krefjast samþykkis frá tollstjóra fyrirfram, enda mundi oft ekki vera tók á að útvega það í tíma, t. d. þegar birgðir eru teknar úr flugvél. Sama gildir um vörur, sem settar eru í flutningagegmslur (transit-hegmslur). Eðlilegt er að vörur, sem þangað eiga að fara, séu fluttar beint frá skipshlið eða úr flugvél. Síðar verður auðvitað að leggja tilskilin gögn um þessar vörur fyrir tollstjóra.

Um 21. gr.

Ákvæði þessarar greinar leiðir af sömu ástæðum, sem raktar eru í athugasemdum við 20. gr., og almennum reglum um tollmeðferð aðfluttra vara.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Fyrsta málsgreinin er í samræmi við reglur tollskrárlaganna og gildandi reglur í nágrannalöndunum.

Samkvæmt reglum tollskrárlaganna ber að greiða tolla af því vörumagni, sem kemur til landsins, og skemmdir hafa því aðeins áhrif á tollverðmætið, að þær hafi orðið í flutningi hingað til lands, eða við affermingu. Ákvæði 2. mgr. eru í samræmi við þetta.

Tollvöruhegmslur þær, sem frumvarpið fjallar um, eru þannig hugsaðar, að hegmsluhafi hafi jafnan vörzlur þess varnings, sem er í hegmslu hans, þótt umsjón

með þeim fari fram undir toleftirliti. Það er því eðlilegt að geymsluhafinn sé gerður ábyrgur fyrir greiðslu aðflutningsgjalda af vörum, sem hverfa eða rýrna óeðlilega í geymslum hans, en ekki eigandi varanna, ef hann er annar maður. Þrátt fyrir þetta ákvæði helzt að sjálf sögðu lögveðréttur í vörusendingu fyrir gjöldum af því, sem kann að vanta eða hafa misfarizt, sbr. 25. gr.

Um 24. gr.—30. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

I.

Hinn 20. september 1958 skipaði fjármálaráðherra nefnd til þess að athuga og gera tillögur um, hvort æskilegt sé að koma hér á landi á fót svonefndum „frilager“ eða öðru þvilíku kerfi, sem tíðkast í nágrannalöndum vorum. Í nefndinni áttu sæti þeir Gunnar Ásgeirsson, stórkaupmaður, Hjalti Pálsson, framkvæmdastjóri, Unnsteinn Beck, tollgæzlustjóri og Sigtryggur Klemenzson, ráðuneytisstjóri, sem var formaður nefndarinnar. Nefndin hefur síðan starfað að athugun þessa máls, rætt það á mörgum fundum, kynnt sér skoðanir innflytjenda, skipa- og flugfélaga og annarra, sem mál þessi varða miklu, og leitað fyrirmynda í löggjöf og starfsreglum nágrannaþjóðanna um þessi efni.

Hér á landi eru reglur um geymslu og tollmeðferð á aðfluttum vörum fábreyttari en þar sem atvinnuvegir eru fjölþættari og greiðari millilandaþvikipti en hér hafa tíðkæzt. Á seinustu árum hafa, sem kunnugt er, orðið miklar breytingar á atvinnuháttum hérlendis. Iðnaður hefur stóraukizt og ýmis millilandaþvikipti, sem áður voru með öllu óþekkt, gera nú vart við sig og eiga ef til vill mikla þróun fyrir sér. Má þar nefna viðkomuflutning (transit-flutning) á vörum og farþegum, og geymslu og sölu á varningi í sambandi við slíka flutninga. Samgöngum við útlönd er nú orðið þannig háttað, að hugsanlegt er, að hér megi reka milliríkjaværlun í líkingu við það, sem lengi hefur tíðkæzt í borgum og löndum, sem liggja að alþjóðlegum umferðaleiðum. Þar sem slíkir „transit“-flutningar tíðkast, hafa verið settar reglur um geymslu og tollmeðferð á aðfluttum vörum og útflutningsvarningi, sem miðaðar eru við þarfir þeirra atvinnugreina, sem í kjölfar slíkra flutninga sigla. Sýnist nú tímaþært að taka upp slíkar reglur í einhverri mynd hér á landi, þegar litið er til þeirrar þróunar, sem orðið hefur á síðari árum.

II.

Kaupskip, sem eru í millilandasiglingum, eiga þess víðast kost í hafnaborgum að fá keyptan neyzluforða og aðrar nauðsynjar tollfrjálst, í friðhöfnum eða úr svo nefndum tollfrjálsum vörugeymslum. Sama gildir um flugvélar, sem fara um millilandaflugvelli. Erlendis eiga skipa- og flugfélög oft sjálf tollfrjálssar forðageymslur til að birgja skip sín og flugvélar vistum og öðrum nauðsynjum. Hér hafa hin stærri skipafélög lengi leitazt fyrir um að fá að koma upp slíkum forðageymslum, og sama gildir nú á síðari árum um flugfélögin. Hafa þessi félög sýnt fram á það með rökum, að þeim væri mikið fjárhagslegt hagræði að því að kaupa nauðsynjar til farartækja sinna frá erlendum útflytjendum og koma þeim í tollfrjálssa geymslu hérlendis, í stað þess að þurfa að skipta við miðlara í erlendum höfnum. Gjaldeyrissparnaður yrði einnig verulegur af þessu. Lagaheimild skortir nú til að koma hér á fót slíkum tollfrjálsum forðageymslum.

Með hækkandi aðflutningsgjöldum hafa iðnfyrirtækjum og innflutningsverzlunum skapazt verulega auknir erfiðleikar af því að þurfa að leysa vörusendingar sínar í einu lagi úr tolli í stað þess að taka þær til sín og greiða af þeim gjöld jafnóðum og vörurnar eru teknar til sölu eða vinnslu. Árið 1907 voru sett lög um tollgeymslu og tollgreiðslufrest, sem veittu innflytjendum kost á að koma vörum sínum í geymsl-

ur undir tollinnsigli og greiða af þeim tollinn smám saman jafnóðum og þær voru teknar úr geymslunni. Lög þessi eru enn í gildi, en þeim hefur ekki verið beitt í mörg ár, þar eð þau veita einungis gjaldfrest á vörumagnstolli, sem nú er í flestum tilfellum aðeins óverulegur hluti aðflutningsgjalda. Auk þess hafa ákvæði þeirra einungis gilt um tiltölulega fáar vörutegundir. Það mun ekki tíðkast neinsstaðar í nágrennalöndunum, að innflytjendum sé skylt að greiða í einu lagi aðflutningsgjöld af heilum vörusendingum, en til þess að komast hjá því þurfa þeir að sæta vissum reglum um geymslu og meðferð vörunnar meðan hún bíður tollafgreiðslu. Venjulega eru þær reglur bundnar við að vara sé geymd í frihöfn, „frilager“ eða annari tollvörugueymslu.

III.

Hér á landi er nú framleitt nokkuð af iðnaðarvörum, sem fluttar eru út, og innlent tollvörugjald eða aðflutningsgjöld af hráefnum til framleiðslunnar eru endurgreidd af við útflutning. Erlendis er þetta fyrirkomulag alþekkt, en þar eru oft tók á að fá gjöld þessi endurgreidd þegar vörunum hefur verið komið í tollvörugueymslu, þar sem þær bíða útflutnings. Íslenskum iðnframleiðendum gæti verið hagur að slíku fyrirkomulagi í stað þess að þurfa að bíða endurgreiðslanna þar til framleiðslan hefur verið flutt úr landi, en það getur oft dregizt verulega eftir að vara er fullunnin.

IV.

Þær ástæður, sem hér hefur verið dregið á, leiða til þess, að nú er orðið tímaþætt að leyfa hér á landi vörugueymslur, þar sem þess er kostur að taka aðfluttar vörur til geymslu, án þess að aðflutningsgjöld falli á þær, og hægt sé að reka með þær tollfrjáls viðskipti, þar sem því verður við komið. Aðflutningsgjöld verði þá fyrst innheimt ef vörunar eru teknar úr geymslunni til sölu eða notkunar innanlands. Ennfremur að slíkar geymslur megi nota til að taka við vörum til útflutnings til að flýta endurgreiðslu á tollvörugjaldi og aðflutningsgjöldum ef svo ber undir. Að þessu er stefnt með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir.

V.

Á Norðurlöndum er löng reynsla af rekstri tollfrjálsra vörugueymslna, og eru þær með ýmsu móti eftir því hverjum tilgangi þær þjóna og eftir aðstæðum á hverjum stað. Þess má geta að ekki gilda að öllu leyti sambærilegar reglur í öllum löndunum um geymslur, sem hera sömu eða hliðstæð heiti. Þannig er t. d. norskur „transitlager“ í framkvæmd verulega frábrugðinn dönskum eða sænskum „transitlager“. Ekki er ástæða til að ræða slík afbrigði hér, en hinsvegar rétt að gera stuttlega grein fyrir helztu tegundum tollfrjálsra vörugueymslna á Norðurlöndum, því þangað er eðlilegast að sækja fyrirmyndir að þessu nýmæli hér.

Frihafnir eru víðtækasta og frjálsasta form tollvörugueymslu, en ekki er ástæða til að ræða um þær hér, þar sem engar aðstæður eru til að koma hér á fót frihöfn að svo stöddu.

„Frilagerar“ eru í mörgu tilliti hliðstæðir frihöfnum. Vörur, sem þar eru til geymslu, eru að sjálfsögðu háðar ströngu eftirliti, og raunar er algengast að „frilagerar“ séu reknir af tollgæzlunni eða öðrum opinberum aðila. Þeim, sem á vöru á „frilager“, er heimilt að annast hana og vinna að henni á ýmsan hátt, t. d. að flokkun, skiptum á umbúðum og blöndun, innan „frilagersins“. Varan skoðast að því er tekur til greiðslu aðfl.gjalda og meðferðar nánast eins og hún væri utan tolllandamæra meðan hún liggur á „frilager“. Þó er, eins og áður getur, takmörkunum háð, hverjar breytingar ná gera á vörunni áður en hún er tekin til tollafgreiðslu og í sumum tilfellum, eins og t. d. á einka-„frilagerum“ í Danmörku, eru aðflutningsgjöld miðuð við vöruna eins og hún var þegar hún fór inn í geymsluna, þótt breytingar eða rýrnun hafi átt sér stað meðan hún lá þar í geymslu. „Frilagerar“ munu einkum hugsaðir til geymslu

á vörum, sem flytja á úr landi að lokinni aðvinnslu eins og t. d. blöndun, flokkun eða skipta á umbúðum án þess að um eiginlega vinnslu sé að ræða, enda er vinnsla, sem breytir eðli vöru yfirleitt ekki leyfð á „frilagerum“. Aðvinnsla á útflutningsvörum, eins og hér hefur verið lýst, er ekki atvinnugrein hér á landi og ekki þykir ástæða til að leyfa slíka aðvinnslu á ótolluðum vörum fyrir innanlandsmarkað. Er því ekki gert ráð fyrir „frilager“ í venjulegri merkingu þess orðs í frumvarpinu.

„Transitlagerar“ (flutningageymslur, umhleðslugeymslur) eru annarsstaðar einkum notaðar til að geyma í vörur, sem lagðar eru á land og eiga að flytjast áfram til útlanda eða innlendra hafna ótollafgreiddar. Gert er ráð fyrir slíkum geymslum í IV. kafla frumvarpsins fyrir vörur, sem á að flytja áfram til erlendra hafna með umhleðslu hérlendis.

Sérstök tegund „frilagera“ eru svonefndir „provianteringsfrilagerar“, tollfrjálsar forðageymslur, sem ætlaðar eru fyrir vistir og aðrar nauðsynjar skipa og flugvéla í utanlandsferðum. Hefur verið minnst á þessa tegund tollvörugeymslna hér að framman, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þær verði leyfðar, og settar um þær reglur í II. kafla frumvarpsins.

Hér hefur verið gerð litilsháttar grein fyrir helztu tegundum tollvörugeymslna, sem tíðkast á Norðurlöndum. Þess er þó ógetið, að í Svíþjóð eru nú ekki leyfðir „frilagerar“ í venjulegri mynd. Frihafnir eru þar í stærstu hafnarborgunum, en í stað „frilagera“ eins og þeir tíðkast í Danmörku og Noregi kemur svokallað „tullnederlag“. Þar er um að ræða tollfrjálsar vörugeymslur, sem í mörgu svipar til venjulegs „frilagers“, en eru þó nokkru bundnari. Vörur má t. d. ekki flokka, blanda eða skipta um umbúðir á þeim eftir að þær eru komnar inn í geymsluna, nema sérstaklega standi á og þá með sérstöku leyfi. Hinsvegar mega slíkar aðgerðir fara fram innan vissra takmarka um leið og varan er lögð í geymslu.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að almennar tollvörugeymslur (I. kafla frumv.) verði með svipuðum hætti og „tullnederlag“ Svía. Eins og áður greinir virðist ekki vera þörf á venjulegum „frilagerum“ hér, og þar sem eftirlit með þeim yrði erfiðara og þar af leiðandi dýrara en með geymslu af svipaðri gerð og sænskt „tullnederlag“, hafa slíkar geymslur einkum verið teknar hér til fyrirmyndar. Aðrar tollvörugeymslur, sem frumvarpið fjallar um, eru með svipuðum hætti og sambærilegar danskar og sænskar tollvörugeymslur.

Reykjavík, 26. janúar 1960,

Sigr. Klemenzson. Hjalti Pálsson. Gunnar Ásgeirsson.
Unnsteinn Beck.